

**2329. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 27. mars 2025 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.**

---

**Mættir stjórnarmenn:**

Þorvaldur Örlygsson formaður

Ingi Sigurðsson varaformaður

**Á Teams:**

Helga Helgadóttir varaformaður

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir

Heimir Fannar Gunnlaugsson

Pálmi Haraldsson

Sveinn Gíslason

Tinna Hrund Hlynsdóttir

Þorkell Máni Pétursson

**Forföll:**

Börkur Edvardsson

---

**Mættir starfsmenn:**

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri

Ómar Smáráson samskiptastjóri sem ritaði fundargerð

Axel Kári Vignisson lögfræðingur

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

**Dagskrá:**

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
  - a. Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2328). Fundargerðin verður send í rafræna undirritun.
2. Leyfiskerfi og vallarleyfi
  - a. Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri fór yfir samþykkt leyfisráðs á útgáfu þátttökuleyfa fyrir keppnistímabilið 2025 og tillögur mannvirkjanefndar að útgáfu vallarleyfa. Öll félög innan leyfiskerfisins hafa fengið þátttökuleyfi fyrir keppnistímabilið 2025 en í leyfiskerfinu eru félög í Bestu deildum karla og kvenna og Lengjudeild karla. Á fyrri fundi leyfisráðs voru gefin út 18 leyfi og á þeim síðari voru gefin út 16 leyfi. Í nokkrum tilfellum voru þátttökuleyfi samþykkt af leyfisráði með fyrirvara um samþykkt stjórnar um vallarleyfi. *Stjórn samþykkti fram lagðar tillögur mannvirkjanefndar um vallarleyfi.* Rætt var um mikilvægi þess að áfram verði þrýst á frekari framkvæmdir þar sem við á, og að kallað verði eftir upplýsingum og viðeigandi staðfestingum um fyrirhugaðar framkvæmdir.
3. Lög og reglugerðir
  - a. Heimir Fannar Gunnlaugsson formaður ÍTF fór yfir stöðu mála varðandi flutningsreglur afreksleikmanna. Ekki er samstaða meðal allra félaga innan ÍTF um verkefnið og niðurstaðan er sú að ÍTF vinni að því í samstarfi við KSÍ að finna þessu verkefni viðeigandi farveg innan regluverks KSÍ með það markmið að vinna tillögu fyrir ársþing KSÍ 2026. Stjórnarmenn ræddu þessa niðurstöðu og marga þræði verkefnisins frá ýmsum hliðum. *Ákveðið að fela framkvæmdastjóra og lögfræðingi KSÍ að vinna málið áfram ásamt framkvæmdastjóra ÍTF.*
  - b. Axel Kári Vignisson lögfræðingur fór yfir tillögur að breytingum á reglugerðum um aga- og úrskurðarmál annars vegar og hins vegar um áfrýjunardómstól varðandi birtingu úrskurða m.t.t. nafnleyndar og persónuverndar. *Stjórn KSÍ samþykkti tillöguna.*

#### 4. Laugardalsvöllur

- a. Ingi Sigurðsson fór yfir nýjustu fréttir af Þjóðarleikvangi ehf. og umfjöllun félagsins um næstu áfanga í uppbyggingu Laugardalsvallar. Ingi lýsti ákveðnum áhyggjum af framgangi mála og stöðugleika í öllu ferlinu vegna sviptinga í umhverfi stjórnmalanna - bæði í borginni og á landsvísu. Til stendur að funda á vormánuðum með báðum aðilum og aðalfundur Þjóðarleikvangs verður haldinn um svipað leyti. Fyrir liggur að breyta þurfi samþykktum Þjóðarleikvangs ehf. vegna breytinga á hlutverki félagsins og á þeirri stefnu sem tekin hefur verið í fyrirhugaðri uppbyggingu Laugardalsvallar. Þær hóflegu hugmyndir sem koma frá KSÍ um uppbyggingu leikvangsins í nokkrum áföngum leggja grunninn að því sem gerist í framhaldinu.
- b. Eysteinn Pétur Lárusson fór yfir tækjakaup sem liggur á vegna nýs leikflatar á Laugardalsvelli. Ljóst er að fjárfesta þarf í ákveðnum tækjabúnaði til viðhalds á leikfletinum, sem stefnt er á að verði tilbúinn til notkunar í júní á þessu ári. Um er að ræða tímabundna fjármögnun þar til Reykjavíkurborg getur endurgreitt KSÍ. *Stjórn KSÍ samþykkti að veita framkvæmdastjóra umboð til kaupa á nauðsynlegum búnaði.*

#### 5. Önnur mál

- a. Sveinn Gíslason greindi frá nýlegum fundi fulltrúa KSÍ, KKÍ, ÍSÍ og Deloitte með fjármálaráðherra og öðrum fulltrúum fjármálaráðuneytisins þar sem farið var yfir málefni íþróttahreyfingarinnar m.t.t. leiðbeininga Ríkisskattstjóra (RSK), sem birtar voru í byrjun árs 2024. Þar munar helst um stöðu íþróttafólks (verktakar eða launamenn), ýmis hlunnindamál, flókið umhverfi virðisaukaskatts og ábyrgð stjórnarmanna félaga samkvæmt RSK, en íþróttahreyfingin er upp til hópa í formi almannaheillafélaga sem borin eru uppi af sjálfboðaliðastarfi og því ólík hefðbundnum atvinnurekstri. Á fundinum var ákveðið að skipa starfshóp með fulltrúum íþróttahreyfingarinnar ásamt fulltrúum frá RSK og menntamálaráðuneytinu. Boðað verður til fundar í hópnum á komandi vikum. ÍSÍ hefur óskað eftir því fá að skipa fulltrúa í hópinn fyrir hönd íþróttahreyfingarinnar. Stjórnarmenn KSÍ lögðu áherslu á mikilvægi þess að knattspyrnan ætti sinn fulltrúa í þessum starfshópi.
- b. Þorvaldur Örlygsson greindi frá því að í vikunni hafi hann heimsótt Grindavík ásamt Thierry Favre frá UEFA þar sem þeir skoðuðu keppnis- og æfingasvæði Grindvíkinga og ummerki eftir jarðhræringarnar sem þar hafa átt sér stað. Meðal annars skoðuðu þeir knattspyrnuhúsið Hópið, sem hefur orðið fyrir miklum skemmdum. Tilgangur heimsóknarinnar var að gefa fulltrúa UEFA kost á að kynna sér aðstæður þar sem KSÍ mun, fyrir hönd knattspyrnudeildar Grindavíkur, sækja um styrk í sérstakan hamfarasjóð UEFA. Favre skoðaði einnig Laugardalsvöll vegna þeirra framkvæmda sem þar standa yfir og þær framkvæmdir sem áætlað er að ráðist verði í, og rætt var hvernig UEFA gæti mögulega stutt við það verkefni.

Fundi slitið kl. 17:15.

Fundarritari: Ómar Smárason

Næsti fundur boðaður 10. apríl.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynisdóttir Hafberg

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Eysteinn Pétur Lárusson

Heimir Fannar Gunnlaugsson

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir